

# Orð skulu standa

## Kjallari

Dorvaldur Gylfason



Lögbíngið í Færeyjum hefur legið yfir frumvarpi til nýrrar stjórnarskrár frá 2006, vönduðu frumvarpi, sem ráðgert var að Færeyingar fengju að ganga til þjóðaratkvæðis um 2010. Það heit var þó ekki eftir, þar eð allir þrjú stjórnmálaflokkarnir, sem stóðu að loforðinu um þjóðaratkvæði (Jafnaðarflokkurinn, Sambandsflokkurinn og Fólkaflokkurinn), sneru baki við eigin afkvæmi. Ný ríkisstjórn Sambandsflokksins, Fólkaflokksins og tveggja annarra flokka var mynduð 2011, og hún hefur ekki heldur í hyggju að leyfa þjóðinni að ráða málinu til lykta. Að lofa þjóðaratkvæði um tiltekið mál og hætta síðan við er næsti bær við valdarán.

### Skilgetið afkvæmi hrunsins

Forsagan er fróðleg. Færeyska stjórnlagafrumvarpið er skilgetið afkvæmi hrunsins í Færeyjum 1989-94, þegar landsframleiðsla eyjanna dróst saman um þriðjung líkt og gerðist í Sovétríkjunum um sama leyti. Það er mest samdráttur í framleiðslu, sem sögur fara af í okkar heimshluta á friðartímum. Stjórnarskrár hafa oft verið endurskodaðar eða skrifaðar að loknu hruni eða sambærilegum atvikum. Stjórnarskrár eru sárásaldan samdar upp úr þurru.

Eftir fáein erfið ár vegna kreppunnar og eftirleiksins, þ.m.t. umdeilda afskipta dönsku stjórnarinnar af endurreisn færeysks efnahagslífs og gerspillts stjórnmalalífs, var mynduð samsteyputjórn þriggja aðskilnaðarflokka (þjóðveldisflokksins, Fólkaflokksins og Sjálfstýrisflokksins). Allir þessir flokkar vilja að Færeyingar taki sér fullt sjálfstæði. Stjórn þessara flokka tók frumkvæðið 1998 að undirbúningi stjórnarskrár,



Alþingi hefur ekki leyfi til að sjá nú eftir öllu saman og hætta við að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarpið.

hinnar fyrstu handa Færeyjum. Auk fulltrúa allra stjórnmálaflokka skipaði ríkisstjórnin til setu í stjórnarskrárnefndinni sérfræðinga í lögum, félagsvísindum og sögu.

Margir glöggir Færeyingar þóttust sjá strax í upphafi að aðild stjórnmálaflokka að samningu nýrrar stjórnarskrár bæri dauðann í sér. Þessi skoðun helgaðist sumpart af aðkomu þeirra stjórnmálamanna, sem báru ábyrgð á hruninu 1989-94, og sumpart af djúpstæðum og gamalgrónum ágreiningi milli aðskilnaðarflokka og sambandsflokka, sem vilja fyrir alla muni halda sambandinu við Danmörku m.a. til að geta kreist sem mest fé út úr Dönnum.

### Rekald

Eftir nokkrar atrennur skilaði færeyska stjórnarskrárnefndin 2006 frumvarpi til ríkisstjórnarinnar, verkbeiðandans. Frá þeim tíma hefur frumvarpið verið rétt þrotlaust í lögbínginu og nefndum þess. Ólíkt frumvarpi stjórnlagaráðs hér heima spratt færeyska frumvarpið ekki af þjóðfundum og þjóðkjöri til stjórnlagabíngs. Færeyska frumvarpið skorti kjölfestu meðal fólksins og varð því að stefnulausu rekaldi í meðförum lögbíngsins. Mörgum sýnist að færeyska tilraunin hafi frá upphafi verið dæmd til að mistakast líkt og Alþingi hefur mistekist að endurskoða í heild sinni stjórnarskrá Íslands allar götur frá 1944. Þetta er gamall vand: þingmenn og stjórnarskrár eru varasöm blanda af þeirri einföldu ástæðu að stjórnarskrám er m.a. ætlað að halda aftur af þingmönnum og öðrum stjórnvöldum og setja þeim reglur.

### Sök sér

Það væri sök sér ef færeyska lögbíngið saltaði frumvarp þingmanna og sérfræðinga og sviki gefin loforð

um að leggja málið í dóm þjóðarinnar eins og margt bendir til að verða muni í Færeyjum. Hitt væri mun alvarlegra brot, ef Alþingi sviki íslensku þjóðina um þá þjóðaratkvæðagreiðslu, sem býið er að lofa um frumvarp stjórnlagaráðs, óbreytt eða með einhverjum breytingum í samráði við ráðið. Frumvarp stjórnlagaráðs er sprettið af löngu lýðræðislegu ferli, ekki bara af samþykktum Alþingis og starfi stjórnlaganefndar, heldur einnig af þúsund manna þjóðfundum, kosningu til stjórnlagabíngs og starfi stjórnlagaráðs, sem fyrst var kjörið af þjóðinni og síðan skipað af Alþingi og skilaði Alþingi frumvarpi með einróma samþykkt að baki. Alþingi hefur ekki leyfi til að sjá nú eftir öllu saman og hætta við að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarpið.

Alþingi sækir umboð sitt til þjóðarinnar, ekki öflugt. Þjóðin verður að fá að fjalla um frumvarp stjórnlagaráðs, ekki aðeins af því að það er rétt og eðlileg málsmeðferð og 75% þjóðarinnar segjast vilja það, heldur einnig af því að því hefur verið lofað. Orð skulu standa.